

## LÖG

### um breytingu á lögum um starfsemi stjórnmalasamtaka, nr. 162/2006, með síðari breytingum (listabókstafir og framlög til stjórnmalasamtaka).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögunum fellur brott.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum orðast svo:

Frá 1. janúar 2022 er flokkum eða samtökum sem falla undir gildissvið laga þessara og skráð eru í fyrirtækjaskrá við gildistöku þeirra heimilt að breyta skráningu sinni í stjórnmalasamtök. Jafnframt skal þá skrá þau í stjórnmalasamtakaskrá og skila þeim gögnum sem mælt er fyrir um í 2. gr. g.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 5. gr. a er ekki skilyrði fyrir úthlutun á fé úr ríkissjóði til stjórnmalasamtaka skv. 1. og 2. mgr. 3. gr. eða frá sveitarstjórnnum skv. 5. gr. vegna ársins 2021 að viðkomandi stjórnmalasamtök hafi uppfyllt skilyrði I. kafla C um skráningu stjórnmalasamtaka.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

5. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum:

1. Í stað tilvísunarinnar „38. gr.“ í 5. mgr. 32. gr. laganna kemur: 37. gr. a.
2. Á eftir VII. kafla laganna kemur nýr kafli, VII. kafli A, **Listabókstafir stjórnmalasamtaka**, með einni nýrri grein, 37. gr. a, svohljóðandi:

Ráðuneytið skal halda skrá um listabókstafi stjórnmalasamtaka sem buðu fram lista við síðustu almennar alþingiskosningar. Skal skráin birt með auglýsingu eigi síðar en átta vikum fyrir hverjar almennar alþingiskosningar. Nú eru fyrirskipaðar kosningar með

svo stuttum fyrirvara að þetta verður ekki gert og skal þá birta auglýsingu þessa innan þriggja sólarhringa eftir að kosningar eru fyrirskipaðar.

Hyggist stjórnmalasamtök sem ekki hafa skráðan listabókstaf skv. 1. mgr. bjóða fram lista við alþingiskosningar skulu þau sækja um listabókstaf til ráðuneytisins eigi síðar en þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur rennur út. Umsókn skal fylgja yfirlýsing a.m.k. 300 kjósenda þar sem mælt er með heiti samtakanna og listabókstaf. Yfirlýsingin skal dagsett og skal þar tilgreina nafn meðmælanda, kennitölu hans og heimili. Söfnun meðmæla og umsókn um listabókstaf getur farið fram skriflega eða rafrænt. Þjóðskrá Íslands er heimilt, að beiðni ráðuneytisins, að samkeyra upplýsingar úr meðmælendalista við þjóðskrá að fullnægðum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og kanna hvort viðkomandi sé kosningarbær og að því loknu afhenda ráðuneytinu þær upplýsingar. Heiti nýrra stjórnmalasamtaka má ekki vera þannig að ætla megi að villst verði á því og heiti samtaka sem eru á skrá skv. 1. mgr. Ráðuneytið skal þegar tilkynna stjórnmalasamtökum, sem eru á skrá, um ný stjórnmalasamtök sem tilkynnt eru og um ósk þeirra um listabókstaf. Ákveður ráðuneytið bókstaf nýrra samtaka að fengnum óskum þeirra og með hliðsjón af listabókstöfum annarra stjórnmalasamtaka í undangengnum kosningum. Nú óska samtök sem skráð eru eftir því að breyta heiti sínu og skulu þau þá tilkynna það ráðuneytinu innan sama frests.

Breytingar á auglýsingu ráðuneytisins og viðauka við hana skal þegar birta með auglýsingu og tilkynna landskjörstjórn og yfirkjörstjórnnum.

3. Í stað tilvísunarinnar „2. gr. k laga um starfsemi stjórnmalasamtaka, nr. 162/2006“ í 1. mgr. 43. gr. laganna kemur: 37. gr. a.

*Gjört á Bessastöðum, 7. júlí 2021.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

*Kristján Þór Júlíusson.*